

Reykjavík,
18. desember 2018
R13110197

D-1382
HBL/Iss

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14

105 REYKJAVÍK

Efni:

Samkeppni um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á U-reit - Niðurstöður starfshóps

Á fundi borgarstjórnar þann 18. desember 2018 var lögð fram tillaga borgarstjóra um deiliskipulag og þróun samgöngumiðstöðvar og annarrar byggðar á Umferðarmiðstöðvarreit, dags. 12. desember 2018, sbr. 16. lið fundargerðar borgarráðs frá 13. desember 2018.

Tillagan var samþykkt.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Uppbygging alhliða samgöngumiðstöðvar er spennandi og mikilvægt mál fyrir framþróun Reykjavíkur. Núverandi staðsetning samgöngumiðstöðvar er framúrskarandi og felur í sér mikil tækifæri til að efla almenningssamgöngur og auka aðgengi að ólíkum ferðamátum fyrir íbúa og ferðamenn. Umferðarmiðstöðvarreiturinn er miðsvæðis og liggur vel til að þjóna mörgum stærstu vinnustöðum höfuðborgarsvæðisins. Ókostir þess að hafa miðstöðina austar í borginni er sú að það myndi fjölga skiptingum í strætókerfinu, sem er mikill ókostur. Áfram verða mikilvægar skiptistöðvar í Mjódd og annars staðar en ný samgöngumiðstöð er bæði aðkallandi og brýnt verkefni sem skilað getur miklu fyrir borgarþróun og samgöngukerfið. Mikilvægt er að nýta það tækifæri til fulls. Næstu skref í málinu er að vísa tillögum starfshópsins til skipulags- og samgönguráðs og stjórnar Strætó til að afla umsagna þeirra vegna málsins. Gerð verði hermun á umferðarflæði á annatíma til að greina flöskuhálsa og í kjölfarið verði hugmyndasamkeppnin sett af stað þar sem ný samgöngumiðstöð og nágrenni hennar eru undir.

Borgarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn fagnar áformum um nýja samgöngumiðstöð enda innanlandsflugi um Reykjavíkurflugvöll ætlaður þar veglegur sess. Samgöngumiðstöð sem sameinar millilandaflug, innlandsflug, rútimiðstöð, strætó og nánast alla ferðamáta sem í boði eru, er klárlega af hinu góða. Hugmyndir um tengingu við flugvöllinn um göng undir Hringbraut, sem

verða útbúin göngufæriböndum eins og þekkt víða erlendis eru einnig áhugaverðar. Mikilvægt er að tryggja jafnan aðgang allra að mannvirkinu svo jafnræðis sé gætt gagnvart hinum ýmsu aðilum innan ferðapjónustunnar sem og samgöngugeirans. Mikilvægt er ef framhald verður, að ofangreindum atriðum sé haldið vel til haga enda forsenda þess að af stað sé lagt.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokksins Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillagan um að efna til samkeppni um uppbyggingu á BSÍ-reit felur meðal annars í sér að unnið verði að útfærslu samgöngumiðstöðvar. Í skýrslunni: Þróun samgöngumiðstöðvar og nánasta umhverfis: þarfagreining og skipulag, er lagt til að óháður aðili/fyrirtæki sjái um rekstur samgöngumiðstöðvar. Viðkomandi fyrirtæki sjái þá m.a. um að „Standa fyrir dagskrá í húsinu sem geri það eftirsóknarverðan viðkomustað eins og listsýningum, upplýsingabásum fyrir gesti o.fl. [...] Setja reglur um opnunartíma, auglýsingar og reki alla sameiginlega aðstöðu. Fyrirmynd getur verið Kringlan.“ Hér er um almannarými að ræða og því er sérkennilegt að borgin hugi að því að framselja valdið um hvernig almannarými skuli vera, í hendur annarra aðila eða fyrirtækja. Kringlan er dæmi um einkavæðingu almannarýmis í borgarlandinu, þar sem starfsemin byggir á sölu og kaupum á varningi og þjónustu. Það er mikilvægt að rýmið starfi í þágu almennings og því eru athugasemdir settar á bak við það að fyrirtæki eða óháður aðili sjái þar um rekstur samgöngumiðstöðvar. Þá er einnig mikilvægt að skilgreiningin á óháðum aðila sé sett skýrt fram. Borgarfulltrúi sósíalísta veltir einnig fyrir sér hví borgin sjái sér ekki fært um að reka þessa þjónustu beint sjálf og tryggja að rýmið henti þörfum almennings, óháð fjárhagsstöðu þeirra.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Samrit:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar